



Breyting á deiliskipulagi Egilsbraut 9, 18.02.2021

Gildandi skipulag var samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss 29. janúar 2004 með breytingu samþykkt í bæjarstjórn 24. september 2020 sem öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 29. október 2020.

Greinargerð: Breytingin felur í sér breytingar á texta í inngangi greinargerðar. Bætt er inn í texta um markmið skipulagsins. Setningin "Markmið skipulagsins er að fjölga íbúðum fyrir eldri borgara..." verður „Markmið skipulagsins er m.a. að fjölga íbúðum fyrir eldri borgara...“

Breytingin tekur einungis til greinargerðar deiliskipulagsins. Deiliskipulagsuppráttur skipulagsins breytist ekki.

Gildandi skipulag:

Fyrsta málsgrein greinargerðar er svona: Um er að ræða stækkun á núverandi deiliskipulagssvæði. Svæðið er rúmir 4,8 ha að stærð. Markmið skipulagsins er að fjölga íbúðum fyrir eldri borgara og móta ramma utan um stækkun dvalarheimilisins.


Tillaga að breyttu skipulagi:

Breytt fyrsta málsgrein greinargerðar verður svona (breyting skáletruð og feitletruð): Um er að ræða stækkun á núverandi deiliskipulagssvæði. Svæðið er rúmir 4,8 ha að stærð. Markmið skipulagsins er **m.a.** að fjölga íbúðum fyrir eldri borgara og móta ramma utan um stækkun dvalarheimilisins.

Að öðru leiti gilda eldri skilmálar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í Skipulags- og umhverfisnefnd þann _____ 20__ og í bæjarstjórn Ölfuss þann _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.



Hluti aðalskipulags Ölfuss 2010-2022. Svæðið er merkt með rauðum hring